

Söngdagskrá Ísaksskóla 2023-2024

4. - 8.mars

Skipulagsdagur á mánudegi

Marsbúa cha cha cha

Söngur Kamillu

Draumar geta ræst

Sigling (Hafið bláa hafið)

Litli tónlistarmaðurinn

11.- 15. mars

Klementínudans

Malaika

Marsbúa Cha cha cha

Draumar geta ræst

Sigling (Hafið bláa hafið)

18. - 22. Mars

Ég heyri svo vel

Söngur dimmalimm

Klementínudans

Malaika

Marsbúa cha cha cha

Söngur Kamillu

Lag: Thorbjörn Egner

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Heyrið lagið hljóma,
hreina, bjarta óma.

Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.

Áfram enn skal telja,
aðrar nótur velja.

Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.

Ef ég íþrótt stranga
æfi daga langa.

Einn og tveir og þrír
og einn og tveir og þrír.

Eykst mér lag og leikni,
leik ég þá með hreykni.

Síðar, sannið til,
þá sést hvað í mér býr.

Litli tónlistarmaðurinn

Lag og ljóð: Freymóður Jóhannsson

Mamma, ertu vakandi mamma mín?

Mamma, ég vil koma til þín.

Ó mamma, gaman væri að vera stór,
þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,

mér finnst gott að koma til þín.

Ó en mamma, áðan dreymdi mig draum um
þig,

En datt þá fram úr og það truflaði mig.

Þú varst drottning í hárrí höll.

Hljómsveitin! Álfar, menn og tröll,

lék þér og söng í senn, hún var svo stórfengleg.

Tröllin þau börðu á bumburnar.

Blómálfar léku á flauturnar.

Fiðlurnar, mennskir menn á mandolin, ég.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,

mér finnst gott að koma til þín.

En mamma, gaman væri að vera stór.

Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Sigling

Lag: Friðrik Bjarnason

Ljóð: Örn Arnarson (Magnús Stefánsson)

Hafið, bláa hafið hugann dregur.

Hvað er bak við ystu sjónarrönd?

Þangað liggur beinn og breiður vegur.

Bíða mín þar æskudrauma lönd.

Beggja skauta byr

bauðst mér aldrei fyrr.

Bruna þú nú, bátur minn.

Svífðu seglum þöndum,

svífðu burt frá ströndum.

Fyrir stafni haf og himinninn.

Draumar geta ræst

Lag: Jón Jónsson

Ljóð: Bragi Valdimar Skúlason, *byggt á hugmyndum frá 9 ára börnum í Reykjavík*

Mig dreymir um að verða

kafari, geimfari, trommari,

amma. Mig dreymir um að
verða listakona með stall.

Mig langar svo að verða
arkitekt, jútúber, grínisti,
lögga.

Mig langar svo að verða
rosa frægur karl.

Ég væri stundum til í að vera
meiri praktkari, ofurlítið
fyndnari og þínu hugrakkari.

*Óska þess að draumar fengju í lífi okkar ögn
stærri sess.*

*En enginn veit hvað verður næst
— ég veit það eitt, að draumar geta ræst.*

*Óóóóóó
Draumar geta ræst.
Óóóó*

Mig dreymir um að eignast
tígriðyr, kengúru, systkini,
apa. Mig dreymir um að
eignast pöndu og hákarl.

Mig langar svo að fá mér
bókasafn, risahús, nefhring og
tattú. Mig langar svo að fá mér
gimsteina og skart.

Ég vildi að það væri engin stríðni og ekkert
stríð.
Allir væru vinir, massasáttir alla tíð.

Óska þess...
Réttu' upp hönd ef þú vilt skoða heiminn.
Enn þá hærra' ef þú vilt skoða geiminn.
Réttu' upp hönd ef þú ert stundum feimin/n.
Hey ho
Hey hey ho

Réttu' upp hönd ef þú vilt eiga heima í
heimi þar sem er í lagi' að dreyma.

Réttu' upp hönd ef þú trúir því að
draumar geti ræst.

Óska þess...

Marsbúa cha cha cha

Lag og ljóð: Sigurður Jónsson

Marsbúarnir þeir lentu í gær,
þeir komu á diskni með ljósin skær.
þeir reyndu að kenna mér smá rokk og ska,
en það besta var samt cha cha cha.

Þeir eru gulir, með hvítar tær,
og kunna dansana frá því í gær.
þeir elska perur og banana
en samt elska þeir mest cha cha cah.

Og þeir keyra um sólkerfið kátir
og koma við þar sem þeirra er þörf.
þeir eru báðir kúl og eftirlátir
og kenna okkur góð og gagnleg störf.
Til dæmis að drekka súkkulaði, borga gamlar
skuldir,
slappa af í baði og allt.

Klementínudans

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Halldór Kiljan Laxness

Lánga fyrir utan ystu skóga
árið sem að gullið fanst,
:,: einn bjó smiður úti móa
og hans dóttir sem þú manst :,:

Litla smáin, lofi fáin,
lipurtáin gleðinnar,
:,: ertu dáin úti bláinn
einsog þráin sem ég bar :,:

Malaika

Lag og ljóð frá Kenía

Malaika, nakupenda Malaika.
Malaika, nakupenda Malaika.
Nami nifanya je, kija na mwenzio.
Nashindwa na mali sina we,
ninge kuda Malaika.

andlitin lifna og húsinn dansa
og vindurinn hlær.

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa.
Ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa.
Ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Söngur Dimmalimm

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Atli Már Árnason

Sjáðu, sjáðu, svanur,
skógurinn er að skemmta sér,
sko, hann bangsi dansa fer.
Svanur á báru.

*Veröldin blíð.
Í suðri gala gaukar
grösin spretta' og laukar,
sæl er sumartíð.*

Syngdu, syngdu, svanur,
álfar hoppa, einn, tveir, þrír,
öll nú kætast skógardýr.
Svanur á báru.

Veröldin blíð...

Hjúfra, hjúfra, svanur,
í hálsakoti hjúfra þig,
ég held þú megir kyssa mig.
Svanur á báru.

Veröldin blíð...

Ég heyri svo vel

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa.
Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa.
Ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér.
Þú finnur það vel, þú kemur nær mér.
Þú finnur það vel, allt fæðist í þér,